

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum (söfn heilbrigðisupplýsinga og leitargrunnar).

Frá velferðarnefnd.

1. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „5. mgr. 9. gr.“ í 1. másl. 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: 6. mgr. 9. gr.
2. F-liður 11. gr. falli brott.
3. Í stað 2. másl. d-liðar 15. gr. komi tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Um framkvæmd eftirlits landlæknis fer skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, eftir því sem við á, m.a. um heimild landlæknis til að krefjast upplýsinga, gagna og aðgangs að stofnunum og fyrirtækjum vegna eftirlitshlutverks síns og beita úrræðum 2. mgr. 7. gr. telji hann að starfsemi uppfylli ekki skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits landlæknis með reglugerð.
4. Í stað 6. efnismgr. 17. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Niðurstöðu úr fyrirspurn í leitargrunn má einungis nota til rannsókna að fengnu leyfi vísindasiðanefndar eða siðanefndar heilbrigðisrannsókna. Óheimilt er að birta niðurstöðu úr leitargrunni opinberlega.
Heilbrigðisstofnun sem hyggst starfrækja leitargrunn skal annast gerð greiningarlykils sem varðveittur skal á ábyrgð Persónuverndar. Einungis má nota greiningarlykil til afkóðunar persónuauðkenna þegar leyfi vísindasiðanefndar eða siðanefndar heilbrigðisrannsókna fyrir vísindarannsókn liggur fyrir.
5. Við 21. gr.
 - a. Á eftir 1. másl. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Þó öðlast 3. tölul. 20. gr. þegar gildi.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Við gildistöku laga þessara kemur nýr stafliður á eftir f-lið 1. mgr. 4. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, með síðari breytingum, svohljóðandi: að hafa eftirlit með starfsemi lífsýnasafna og safna heilbrigðisupplýsinga í samræmi við lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga.